

5. gr.

Stjórnin heldur fund a. m. k. einu sinni á ári og ákveður þá, hvaða listaverk skuli keypt, ef fé er fyrir hendi. Hafa skal, ef unnt er, samráð við sérfróðan mann um val listaverks og leita tillagna hans, áður en ákvörðun er tekin.

6. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

8. maí 1968.

Nr. 131.

REGLUGERÐ

um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski.

1. gr.

Í verksmiðjum má ekki nota nitritefni (hrein efni eða blöndur) við geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski, nema að fengnu leyfi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Rannsóknastofnunin getur afturkallað slík leyfi fyrirvaralaust, ef notkunarreglum er ekki fylgt.

2. gr.

Leyfi til notkunar nitritefna verður því aðeins veitt, að verksmiðjan hafi í þjónustu sinni kunnáttumann, sem kann skil á notkun rotvarnarefna og getur auk þess framkvæmt nitritákvarðanir á hráefni og mjöli. Þá verður verksmiðjan einnig að hafa umráð yfir nauðsynlegum tækjum og áhöldum, sem nota þarf við skömmtun, töku sýnishorna og efnagreiningar.

3. gr.

Hráefni, sem unnið skal innan 5 daga frá löndun, er óheimilt að rotverja. Á tímabilinu frá 1. júní til 15. september ár hvert skal þó heimilt að rotverja hráefni, sem geymt skal lengur en þrjá daga frá löndun.

4. gr.

Natrium nitrit (hreint efni eða upplausn) má aldrei nota eitt sér til rotvarnar, heldur skal aðeins heimilt að nota blöndu, sem inniheldur 12.5 kg nitrit og 25 kg formalín í 100 lítra vatnsupplausn. Formalín eitt sér eða blandað vatni skal heimilt að nota til rotvarnar. Um heppilega skammta af ofanskráðri nitritblöndu gefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins út ráðleggingar a. m. k. árlega.

5. gr.

Hráefni (síld, loðna og annar bræðslufiskur) má aldrei innihalda meira en 0.15% nitrit, þegar það er unnið. Skylt er vinnslustjóra (verksmiðjustjóra) að sjá svo um að aldrei sé hafin vinnsla úr geymsluhólfi (þró, tanki o. s. frv.) fyrr en sýnishorn, tekið samkvæmt reglum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, reynist innihalda minna en 0.15% nitrit.

Bannað er að blanda saman rotvörðu og órotvörðu hráefni, nema nitritinnihald þess rotvarða sé einnig minna en 0.15%.

Ákvarða skal nitrit minnst tvisvar í viku í hverju nitritrotvöru geymsluhólfi, og skulu niðurstöður bókfærðar.

Nitritákvarðanir í soði skulu gerðar minnst einu sinni á sólarhring og skulu niðurstöður bókfærðar.

6. gr.

Í nýframleiddu mjöli má aldrei vera meira en 0.2‰ natriumnitrit.

Ef efnagreining leiðir í ljós, að ákveðið mjölmagn innihaldi meira en 0.2‰ natriumnitrit á framleiðsludegi, ber vinnslustjóra (verksmiðjustjóra) tafarlaust að tilkynna það Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins símleiðis.

Mjöl, sem inniheldur meira en 0.2‰ natriumnitrit verður að aðgreina og auðkenna sérstaklega í mjöhlúsum og er bannað að ráðstafa því, nema með leyfi Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins. Skal gera ráðstafanir til að fjarlægja nitritefni úr þessu mjöli, samkvæmt fyrirmælum, sem Rannsóknastofnunin gefur út.

7. gr.

Í öllum verksmiðjum, sem nota rotvarnarefni, er skylt að halda dagbækur eftir reglum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er heimill aðgangur að dagbókunum, og skoðun þeirra og getur krafist að fá endurrit úr þeim hvenær sem er.

8. gr.

Í verksmiðjum, sem hafa óuppleyst natriumnitrit í vörzlum sínum, ber að geyma það í sérstökum læstum geymslum. Ef því verður við komið, skulu geymslur þessar vera eldtraustar.

Ekki mega óviðkomandi menn hafa aðgang að þeim.

9. gr.

Notkun nitritefna um borð í veiðiskipum er óheimil.

10. gr.

Í flutningaskipi má ekki nota nitritefni við geymslu á bræðslusild, nema að fengnu leyfi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Rannsóknastofnunin getur afturkallað slík leyfi fyrirvaralaust, ef notkunarreglum er ekki fylgt.

11. gr.

Leyfi til notkunar nitritefna um borð í flutningaskipi verður því aðeins veitt, að það hafi umráð yfir nauðsynlegum tækjum, sem nota þarf við skömmtun rotvarnarefnanna, og að skipið flytji einungis bræðslufisk á þeirri vertíð, er það notar nitritefni.

12. gr.

Í flutningaskipi, er notar ofangreint rotvarnarefni, er skylt að halda dagbók eftir reglum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur, og skal afhenda verksmiðju þeirri, er tekur við farminum, afrit af dagbókinni, þar sem gerð er grein fyrir rotvörn farmsins.

13. gr.

Því aðeins er heimilt að landa nitritvörðum fiski til verksmiðju, að hún hafi leyfi til notkunar nitritefna.

14. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur á hendi eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

15. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins getur breytt ákvæðunum um leyfilega nitritblöndu (sjá grein 4) eða bannað notkun nema ákveðinna skammta af þeim ef henni þykir við þurfa, og séu verksmiðjunum tilkynntar breytingar.

16. gr.

Atriði, sem varða meðferð og notkun rotvarnarefna og ekki eru ákvæði um í reglugerð þessari eða fyrirmælum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur samkvæmt henni, skal bera undir úrskurð Rannsóknastofnunarinnar.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt henni, varða sviptingu leyfis til notkunar nitrits til rotvarnar og sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 161 4. júlí 1966 og nr. 97 6. júní 1967, um notkun rotvarnarefna til geymslu á sild, loðnu og öðrum bræðslufiski.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 8. maí 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

15. maí 1968.

Nr. 132.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði.**

Fasteignaskatt í Lýtingsstaðahreppi skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. maí 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

16. maí 1968.

Nr. 133.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.**

Fasteignaskatt í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.